

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12/1999, um Lífeyrissjóð bænda.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 27. mars s.l., óskað eftir umsögn samtakanna við ofangreindu frumvarpi.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda, sem gerir allt lagaumhverfi sjóðsins einfaldara og sambærilegt við það sem gildir um aðra sjóði, þ.á.m. að réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi verði í samþykktum sjóðsins, en ekki fastbundin í lögum.

Landssamtök lífeyrissjóða telja þetta frumvarp vera til mikilla bóta og leggja því til að það verði samþykkt á yfirstandandi Alþingi.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon